



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	Fundur stjórnar KLÍ
Staðsetning:	Fundarsalur ÍSÍ
Hvenær:	11. 2. 2026
Þátttakendur:	Valgerður Rún Benediktsdóttir - Formaður Jóhann Ágúst Jóhannsson – Gjaldkeri Guðmundur Sigurðsson – Varaformaður Ársæll Rafn Erlingsson – Ritari Helga Hákonardóttir – Meðstjórnandi Þórarinn Már – Framkvæmdastjóri KLÍ Böðvar Már Böðvarsson – Varamaður Katrín Fjóra Bragadóttir - Varamaður
Fundarritari:	Ársæll Rafn Erlingsson

#### Fundargerð síðasta fundar

- Fundargerð samþykkt.

#### Íslandsmót einstaklinga með forgjöf

- PMP segir frá að það séu 27 einstaklingar skráðir í kvennamótið og komnir 24 í karlamótið. Ákveðið að streyma mánudag og þriðjudag.
- Rætt hvort að það ætti að breyta reglugerðinni þannig að forgjöf miðist við hæsta einstakling. Skoðað fyrir næsta tímabil.

#### Tillaga mótanefndar um færslu síðustu umferðar deildarkeppni vegna landsliðferðar

- Tillaga frá mótanefnd rædd. Póstur sendur á fyrirliða liðanna ásamt stjórn varðandi að forspila leikina sem annars færu fram á þessum tíma.
- Þórarinn settur í að svara mótanefnd.

#### Landsliðsmál

- Verkefni þjálfara og greiðslur** – Nú þegar eru greiddar 150 evrur í dagpeninga fyrir þjálfara í ferðum. Það var hugsað sem upphæð sem vegur upp á móti undirbúningi fyrir ferðir.  
Rætt hvort það þurfi ekki að samræma hvernig þjálfarar nálgast verkefni og hversu mikið er æft fyrir þau. Þarf að skýra hvers er ætlast til af landsliðsþjálfurum.  
Rætt hvort eigi að hafa umbun fyrir þjálfara sem eru með meiri þjálfararéttindi.  
Nefnd er hugmynd um að aðalþjálfun ætti að eiga sér stað hjá félögum.  
Valgerður kemur með tillögu um að hún, Guðmundur, Katrín og Tóti fara í að skýra þessi landsliðsþjálfaramál og skilgreina þau betur.
- Tillaga landsliðsnefndar að þjálfurum** kvennalandsliðs – rætt um upplifun kvennalandsliðsins að því hvort þær séu alltaf útundan og ekki í umræðu að ráða erlendan þjálfara. Hugmyndin hjá landsliðsnefnd var að þetta væri hugsað til að ná betra utanumhaldi utan um kvennalandsliðið með því að vera með innlenda þjálfara. Skýra þarf verkefni og ábyrgð landsliðsþjálfara kvenna með það að leiðarljósi að byggja upp landsliðið.
- Tillaga landsliðnefndar að þjálfara karlalandsliðs** – kom tillaga frá landsliðsnefnd varðandi danskan þjálfara. Valgerður heyrir í landsliðnefnd varðandi þennan þjálfara. Guðmundur nefnir annan þjálfara sem var að vinna með sænska keilusambandinu.
- Skipan öldungadeildar** – Það er til einhver reglugerð um hana, stjórn fer yfir hana.

### Drög að ársreikningi KLÍ 2025

- Jóhann fer yfir drög að ársreikningi KLÍ 2025.

### Beiðni um styrk til keilara vegna Special Olympics Idrottfestival 2026

- 10 keilarar að fara.
- Rætt að miða við startgjald á mótum sem við greiðum fyrir önnur verkefni.
- Komið í ferli að biðja um fjárhagsáætlun.

### Beiðni um umræðu um þjóðarleikvang í keilu

- Það eru til fordæmi fyrir þjóðarleikvangi með Hlíðarfjall á Akureyri til dæmis.  
Það er laust pláss í Miðgarði í Garðabæ og hefur einhver umræða átt sér stað varðandi það. Samtal við Stjórnuna mikilvægt.
- Markmiðið er ekki að koma öllu á Akranes heldur að opna umræðuna.
- Kostirnir við þjóðarleikvang á Akranesi er vilji frá pólitík til að taka þetta lengra.
- Guðmundur og Ársæll skoða næstu skref og samtal.

### Önnur mál

- Það kom erindi frá Laufey varðandi 2 mót að gera þau að B móti. Það þarf að senda inn reglugerðir móta til að ákvarða það.

Fundi slitið kl. 20:01